

# AUGLÝSING

## **ríkisskattstjóra nr. 9/2005 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2006.**

Á árinu 2006 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2005 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 143/2003 um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2006 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2005 til desember 2005. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2005 og skal vera 2% af tekjuskattstofni umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og 8.383.372 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2005 vegna tekna á árinu 2004. *Greiðsluskyldum aðila er heimilt að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða, enda sýni hann fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli árána 2004 og 2005.*

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir og forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2006:

### 1. gr.

Umsókn um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2006 skal vera skrifleg og rökstudd með nauðsynlegum gögnum, þar sem sýnt er fram á að tekjur ársins 2005 muni lækka verulega miðað við tekjuskattstofn umsækjanda við álagningu 2005 á tekjur ársins 2004.

Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 28. febrúar 2006.

### 2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákvarðaða fyrirframgreiðslu ef ætla má að greiðsluskylda sé að minnsta kosti 30.000 kr. hærrí en yrði við álagningu 2006, ef miðað væri við framlagða tekjuáætlun ársins 2005, sbr. 1. gr.

### 3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá móttöku hennar.

Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnslustigi.

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 143/2003 og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 8. október 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.